

Minnisblað um kosningar

Fyrir forsetakosningarnar sumarið 2016 voru sendar út spurningar til allra frambjóðenda um aðgengi að kosningaskrifstofum þeirra. Svör bárust frá öllum nema einum frambjóðanda og voru birt á Facebook síðu ÖBÍ.

Fyrir alþingiskosningarnar haustið 2016 voru sendar út spurningar til allra stjórnmalaflokka sem buðu sig fram um aðgengi að kosningaskrifstofum og heimasíðum þeirra og hljómuðu svona:

„Hversu margar kosningaskrifstofur rekur flokkurinn fyrir alþingiskosningarnar? Eru þær fyllilega aðgengilegar fyrir fatlað fólk, s.s. P-merkt bílastæði, lágir þröskuldar, salerni, rampar, o.s.frv.?“

„Úttekt hefur verið gerð á heimasíðu flokksins m.t.t. aðgengis fyrir blinda, sjónskerta og hreyfihamlaða. Heimasíðan féll í þeirri úttekt¹ og áskorun um að bæta aðgengi að heimasíðunni hefur ekki verið tekið. Stendur til að aðgengisbæta heimasíðuna fyrir alþingiskosningar? Nei, af hverju ekki?“

Svör bárust frá VG, Alþýðufylkingunni og Húmanistaflokknum og voru birt á heimasíðu ÖBÍ.

Haft var samband við Innanríkisráðuneytið bæði fyrir forsetakosningarnar og alþingiskosningarnar því að engar upplýsingar voru á vefnum kosning.is um aðgengi að kjörstöðum. Svar ráðuneytisins var að það séu „sveitarfélögin sem ákveða og auglýsa kjörstaði og bera ábyrgð á að aðgengismálin séu í lagi“, en að upplýsingar um kjörstaði verði teknar saman og birtar á vefnum fyrir kosningar.

Óskað var eftir fundi um aðgengi að kjörstöðum sem fór fram í innanríkisráðuneytinu 18. október 2016, en þá höfðu enn engar slíkar upplýsingar verið veittar á kosning.is. Var fulltrúm ÖBÍ á fundinum bent á að senda ábendingar um aðgengi til yfirkjörstjórna. Var því ráði hlýtt, enda þótti fátt annað hægt í stöðunni. Málefnaþingur ÖBÍ um aðgengi útbjó lista með ýmsum ábendingum um aðgengi að kjörstöðum, sem sendur var til allra sex yfirkjörstjórna á landinu. Eitt svar barst með þökk fyrir ábendingarnar.

Fulltrúar ÖBÍ á fundinum í Innanríkisráðuneytinu bentu á að vefurinn kosning.is væri ekki notendavænn. Upplýsingarnar á honum væru torlesnar og skrifaðar á stofnanamáli. Ísland væri búíð að skuldbinda sig til að veita upplýsingar á aðgengilegu formi. Fátt var um svör, en á fulltrúum ráðuneytisins var að heyra að þeir vissu upp á sig skömmina en teldu sig ekki hæfa til að koma upplýsingunum til leiðar á auðlesnu máli eða með öðrum hætti.

Stefán Vilbergsson

¹ Heimasíður allra stjórnmalaflokka sem buðu sig fram féllu í úttektinni, en Flokkur fólksins fékk í kjölfar hennar sérfræðing til að aðgengisbæta heimasíðu flokksins. Það var eina heimasíðan sem stóðst kröfur um aðgengi þegar kom að kosningum.

Sent yfirkjörstjórnnum fyrir alþingiskosningar 2016 með tölvupósti dags. 27.10.2016.

Viðtakendur: 'kgjo@simnet.is'; 'jthg@simnet.is'; 'gesturj@simnet.is'; 'sveinn@logstofan.is';
'gauti@logreglan.is'; 'erlas@lex.is'

Til yfirkjörstjórna:

Aðgengi að kjörstöðum

Nú styttist í alþingiskosningarnar og undirbúningur kjörstjórna stendur væntanlega sem hæst. Mikilvægt er að hugað sé að þörfum fatlaðs fólks og aldraðra við undirbúninginn og aðgengi allra að kjörstöðum sé tryggt.

Aðgengishópur ÖBÍ hefur því sett saman eftirfarandi gátlista til að auðvelda kjörstjórnnum þá vinnu.

Athugið að þetta er ekki tæmandi listi heldur ábendingar um nokkur helstu atriðin til að hafa í huga.

Bílastæði og aðkoma að kjörstað

Nægt framboð af bílastæðum fyrir hreyfihamlaða sé við kjörstað og sem næst inngangi. Skv. byggingarreglugerð skulu þau vera " 3,80 m x 5,00 m að stærð eða 2,80 m x 5,00 m með hindrunarlausu 1,00 m breiðu umferðarsvæði samsíða." (6.2.4. gr.)

Aðgengi að kjörstað þarf að vera hindrunarlaust frá bílastæði og alla leið inn að kjörklefa. Meðal annars þarf aðkomuleið að vera án þrepa, skábrautir mega ekki vera brattari en 1:20 að jafnaði og þröskuldar ekki hærri en 25 mm. Dyragættir þurfa að vera a.m.k. 0,8 m að breidd og útidyr með sjálfvirkum opunarbúnaði.

Ef kjörstaðurinn uppfyllir ekki þessi skilyrði, þá er hann óhentugur sem slíkur.

Salerni og hvíldaraðstaða

Salerni fyrir hreyfihamlaða þarf að vera á kjörstað.

Mikilvægt er að nægt framboð sé af bekkjum og stólum með handstoðum á kjörstað. Margt fólk á erfitt með gang og þarf reglulega að setjast niður.

Upplýsingar á kjörstað

Upplýsingar þurfa að taka mið af þörfum blindra og sjónskertra, fólks með þroskahömlun og lesblindra. Kosningaefni er oft flókið fyrir fólk með þroskahömlun og því þurfa upplýsingar að vera eins skýrar og skilmerkilegar og auðið er. Allur texti þarf að vera vel læsilegur, í stórum stöfum og skýrri leturgerð, t.d. Arial.

Starfsfólk þarf að vera sýnilegt og tilbúið að aðstoða þá sem koma inn á kjörstað.

Á kjördeild

Kjósandi sem þarf aðstoðar við "sökum sjónleysis eða þess að honum sé hönd ónothæf" má skv. lögum velja eigin fulltrúa eða einhvern úr kjörstjórninni. Mikilvægt er að kjörstjórn sé kunnugt um það.

Hægt er að óska eftir að fá afnot af skapalóni með upphleyptu punktalettri, sk. blindraspjald, og stækkunargleri. Það vita ekki allir af því að hægt sé að óska eftir þessum hjálpartækjum. Benda þarf kjörstjórn á að upplýsa kjósendur um að þau séu til staðar. Æskilegt er að stækkunargler sé í hverjum kjörklefa, frekar en frammi við þar sem fáir vita af þeim.

Kjörklefinn

Stærðir: Á kjörstað þurfa að vera aðgengilegir kjörklefar fyrir notendur hjólastóla, sem eru nægilega stórir til að athafna sig í og v næði til að kjósa. Hjólastólar sem eru í notkun á Íslandi geta verið allt að 0,71 m að breidd og 1,77 m að lengd. Í þessum klefum þurfa borð að vera í hæfilegri hæð, en ekki svo að þau hindri aðgengi.

Birta: Lýsing í kjörklefum þarf að vera nægileg til að sjónskertir geti lesið á kjörseðilinn.

Ekkert um okkur án okkar!

Málefnaþing ÖBÍ um aðgengi

